

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 7. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Háskólaráð skipar hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala samkvæmt tilnefningum háskólarektors sem tilnefnir tvo og forstjóra Landspítala sem tilnefnir einn. Háskólaráð og forstjóri Landspítala setja nefndinni erindisbréf og staðfesta starfsreglur nefndarinnar.

#### 2. gr.

1. mgr. 123. gr. orðast svo:

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

- a. Til *BS-prófs* í efnaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði, vélaverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði.
- b. Til *meistaraprófs*, *MS-prófs*, í eftirtöldum greinum verkfræði: Fjármálaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, iðnaðarverkfræði, lífverkfræði, reikniverkfræði, tölvunarfræði og vélaverkfræði. Enn fremur til *MS-prófs* í lífupplýsingafræði í samstarfi við líf- og umhverfisvísindadeild.
- c. Til *doktorsprófs*, *Ph.D.-prófs*, í hugbúnaðarverkfræði, iðnaðarverkfræði, lífverkfræði, reikniverkfræði, tölvunarfræði og vélaverkfræði, auk lífupplýsingafræði í samstarfi við líf- og umhverfisvísindadeild.
- d. Enn fremur veitir deildin kennslu til *meistaraprófs* í umhverfis- og auðlindafræði og öðrum þverfræðilegum greinum í samvinnu við aðrar háskóladeildir, þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr.:

- a. Aftast í upptalningu í b-lið 1. mgr., um kennslugreinar til MS-prófs, bætist: auk lífupplýsingafræði í samstarfi við iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild.
- b. Aftast í upptalningu í d-lið 1. mgr., um kennslugreinar til doktorsprófs, bætist: auk lífupplýsingafræði í samstarfi við iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr.:

- a. Aftast í upptalningu í b-lið 1. mgr., um kennslugreinar til MS-prófs, bætist: tölfræði.
- b. Aftast í upptalningu í d-lið 1. mgr., um kennslugreinar til doktorsprófs, bætist: tölfræði.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. febrúar 2013.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*